

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 52/95  
frá 22. júní 1995**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins 94/C 309/04 frá 24. október 1994 um farmflutninga á vegum á evrópskum innri markaði<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 80. lið (ályktun ráðsins 94/C 309/02) í XIII. viðauka við samninginn:

„81. 394 Y 1105(03): Ályktun ráðsins frá 24. október 1994 um farmflutninga á vegum á evrópskum innri markaði (Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 4).“.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L ... 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. ...

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 4.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 94/C 309/04 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

P. Benavides

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes      M. Sucker